



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að keyptir verða mælar til að mæla magn í gámum

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 6.09.23 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 34. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 16.08.23.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að Reykjavíkurborg/skipulagsyfirvöld kaupi þar til gerða mæla sem mæla hvort söfnunarkassar/gámar eru fullir. Ef að gámur fyllist þá gefur nemi boð um að hann sé fullur og því þurfi að sækja hann. Slíkt ætti að stjórna betur tæmingum og sjá til þess að það líði ekki dagar þangað til yfirfullur gámur er tæmdur. Fyrir þessu er fordæmi. Skátarnir eru sem dæmi með nema á sínum söfnunarkössum (sem mæla hvort að þeir séu fullir) og byrja á hverjum morgni að skoða hvaða gámar eru fullir og þarf að sækja. Reykjavíkurborg getur lært heilmikið af skátunum í þessum efnum.

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða með bréfi skrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs.

Umsögn:

Í nýlegu útbóði SORPU á rekstri og leigu grenndargáma í á höfuðborgarsvæðinu sem auglýst var 28. júlí sl. var gerð sú krafa að nýir gámar væru búnir sérstökum skynjurum sem geta mælt og tilkynnt, með skilvirkum hætti, hvenær gámur er fullur og tími til kominn að tæma hann. Það er gert til að tryggja tímabæra losun og almennt hreinlæti umhverfis stöðvarnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að hægt sé að leggja féviti á verktaka sinni hann ekki losun skv. mælingum skynjaranna. Það er því ánægjulegt að segja frá því að tillögunni hefur því nú þegar verið komið í farveg og er gert ráð fyrir að skynjararnir verði komnir í gámana í fyrstu mánuðum komandi árs.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að tillögunni verði vísað frá.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Benedikt Traustason
Umhverfis- og skipulagssvið